

Ferðamálaráð Íslands
663. fundur haldinn mánudaginn 15. desember 2004 kl. 11
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Anna G. Sverrisdóttir, varafulltrúi SAF
Dagur B. Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Ársæll Harðarson, forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 662. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Upplýsingar úr fjárlögum 2005

Ferðamálastjóri lagði fram upplýsingablað vegna fjárveitinga ársins 2005 til verkefna stofnunarinnar. Ekki er um neinar meginbreytingar að ræða og eru fjárveitingar nær þær sömu og á yfirstandandi ári.

3. Niðurstöður úr könnun Ferðamálaráðs síðastliðið sumar

Oddný Þ. Óladóttir verkefnastjóri kynnti niðurstöður úr könnun ráðsins meðal erlendra ferðamanna hér á landi frá síðasta sumri. Nokkrar umræður fóru fram um þær breytingar sem orðið hafa á þessum 8 árum sem þessi könnun hefur verið gerð. Niðurstöðurnar í heild eru komnar á upplýsingavef ráðsins.

4. Dagsetningar fundar

Næsti fundur ráðsins var ákveðinn 10. janúar vegna samþykktar fjárhagsáætlunar þá var ákveðið að ráðið færi og kynnti sér starfsemina í Frankfurt. Það verði 24-27 febrúar, en 27. febrúar eru 20 ár frá opnun skrifstofunnar í Þýskalandi.

5. Önnur mál:

a) Anna Sverrisdóttir benti á mikilvægi upplýsinga sem væru til hjá þeim fyrirtækjum sem endurgreiddu ferðamönnum virðisaukaskatt. Gott væri að fá gögn frá þeim til að átta sig enn frekar á kauphegðun erlendra ferðamanna.

b) Ferðamálastjóri greindi frá því að fyrir lægi samþykkt samgönguráðuneytis á ráðstöfun þeirra fjármuna, sem væru á fjárlagalið ráðuneytis til markaðssetningar í ferðaþjónustu fyrir árið 2005. Þessi fjárlagaliður er 170 milljónum lægri en á yfirstandandi ári. Meginbreytingin frá þessu ári er sú að ekki verður um að ræða að auglýst verði eftir samstarfsaðilum á erlendum mörkuðum. Aðrir þættir verða með hliðstæðum hætti og í ár.

Að loknum fundi nutu ráðsmenn jólahlaðborðs á Lækjarbrekku.